



Rannsóknarnefnd samgönguslysa – Sjóslys  
Jón A. Ingólfsson  
Flugvallarvegi  
101 Reykjavík

Reykjavík 26. ágúst 2019  
Tilvísun: 201812-0086

### Efni: Umsögn Mannvirkjastofnunar um skýrslu um sjóatvik.- Mál 2017-135 S 103

Mannvirkjastofnun gerir ekki athugasemd við skýrslu Rannsóknarnefndar samgönguslysa – sjóslys nr. 2017-135 S 103 vegna bruna um borð í Agli ÍS 77 þann 28. ágúst 2017.

Umræddur bruni var ekki tekinn til rannsóknar hjá stofnuninni enda rannsakar stofnunin almennt ekki bruna sem koma upp í skipum þar sem slíkir brunar falla ekki undir lög um brunavarnir nr. 75/2000. Mannvirkjastofnun ákvað að aðhafast ekki í þessu tiltekna máli en ætlar að útbúa almennar leiðbeiningar um það hvernig skuli staðið að afhendingu vettvangs eftir bruna. Áður hefur stofnunin beint þeim tilmælum til slökkviliðanna í landinu að vettvangur sé formlega afhentur og það skráð nákvæmlega, þ.e. hverjum og klukkan hvað. Brunavettvangur er aldrei afhentur öðrum fyrr en að eldur hefur verið slökktur og ekki taldar líkur á að hann kvikni aftur. Það getur hinsvegar verið erfitt að skilgreina hvenær vettvangur er öruggur og verður það skilgreint betur í leiðbeiningunum.

Hvað varðar aðkomu slökkviliðanna í landinu að brunum í skipum þá mun stofnunin ekki gera neinar leiðbeiningar að svo stöddu en taka ábendingar ykkar til greina og hefja viðræður við hlutaðeigandi aðila. En stofnunin sinnir samræmingarhlutverki þegar kemur að brunum almennt. Mannvirkjastofnun hyggst senda bréf á Landhelgisgæsluna sem stýrir slökkvistarfi á sjó og óska eftir fundi til að ræða samræmingu og skipulag. Landhelgisgæslan er t.d. í samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins sem hefur margoft sent slökkviliðsmenn um borð í skip við Ísland en allt slíkt slökkvistarf er á ábyrgð og forræði Landhelgisgæslunnar. Ræða þarf hvernig og hvenær forræðið flyst yfir á slökkvilið í landi og hvenær eigi að draga skip til hafnar sem eru að brenna.

Virðingarfyllt  
f.h. Mannvirkjastofnunar

Davíð Sigurður Snorrason